

Verklagsreglur Heiðarskóla vegna ófullnægjandi skólasóknar

Prep 1

5—9 fjarverudagar

Foreldrar fá upplýsingar um skólasókn frá umsjónarkennara. Tölvupóstur úr Mentor síðasta skóladag hvers mánaðar að undanskildum ágúst.

Prep 2

10—14 fjarverudagar

Umsjónarkennari á samtal við foreldra og nemanda ef við á miðað við aldur og þroska. Skýringa leitað á fjarvistum og foreldrum kynnt næstu skref í þrepi 3, 4 og 5.

Prep 3

15—19 fjarverudagar

Umsjónarkennari á samtal við foreldra og nemanda ef við á miðað við aldur og þroska. Skýringa leitað á fjarvistum og foreldrum kynnt næstu skref í þrepi 4 og 5. Ef skýringar eru þess eðlis að ástæða þyki að boða til fundar með foreldrum og fulltrúa stoðþjónustu er það gert og gerð er áætlun um næstu skref og/eða mætingarsamningur. Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna kynnt fyrir foreldrum.

Prep 4

20—29 fjarverudagar

Skólastjórnendur eiga samtal við foreldra. Skýringa leitað á fjarvistum og boðað til fundar ef þörf er á. Óskað eftir læknisvottorði ef um veikindi er að ræða. Fyrri áætlun endurskoðuð og næstu skref ákveðin. Veitt er leiðsögn við að óska eftir samþættri þjónustu í þágu farsældar barns sé þess óskað. Nemendaverndarráð fjallar um málið og styður við áætlun. Skólastjóri sendir inn tilkynningu til barnaverndar ef metið er svo.

Prep 5

30 dagar eða fleiri

Foreldrar upplýstir um að mál verði tekið fyrir á nemendaverndarráðsfundi. Skólastjóri sendir inn tilkynningu til barnaverndar.